

Endurmat á sumarstarfi Lundarsels

Hvernig fannst ykkur sumarskipulagið ganga? Veltið upp bæði jákvæðum og neikvæðum pólum með tilliti til:

Barnanna? Gekk mjög vel, hæfilega mikið að gera fyrir börnin – þau voru glöð og ánægð. Í heildina gekk mjög vel en smá ójafnvægi, mörg börn á Kisudeild og fá á Bangsadeild.

Aðlögunar? Gekk vel en hafa í huga að taka ekki fleiri en 4-6 börn í einu í aðlögun á sömu deild.

Sumarfría starfsmanna og barna? Gekk vel, nóg af starfsfólki. Skipulag nokkuð frjálst sem var jákvætt.

Pemað um umhverfið (hvernig kom matjurtagarðurinn út)? Kom vel út, matjurtagarðurinn kom afskaplega vel út, endilega halda áfram með hann næsta sumar. Börnin voru virk í taka þátt í að setja niður og taka upp í haust.

Að smíðar og skipulagðir leikir voru „frjálsir“? Smíðavinnan var mjög virk en vantar fjölbreyttari kubba (ekki svona mikið tilsniðið) og að kubbarir séu úr mjúkum við (fura). Vantar fleiri verkfæri eins og þvingur og sagir. Smíðar og fótbolti hvíldi meira á ákveðnum starfsmönnum sem virðast þó vera sáttir við hlutverk sitt. Misjöfn upplifun af leikjum, sumum fannst ganga mjög vel meðan öðrum fannst allt of lítið um þá og spurning hvort þeir ættu að vera á herðum tveggja starfsmanna, til að öruggt sé að þeir séu.

Annað sem þið viljið koma á framfæri í sambandi við sumarstarfið? Skiptar skoðanir frá hópunum. Tveir hópar vildu gjarnan halda áfram á svipuðu róli, umhverfisþema mætti vera á hverju sumri þar sem það er mjög vítt og hægt að aðlaga það eftir áhuga barnanna og veðrinu og fleiru. Einn hópur vildi sjá að sumarþema væri sleppt og vorþema tekið í staðinn. Vetrastarfið hætti þá fyrr og vorþema gæti tengst vorhátíðinni. Á sumrin væri boðið upp á smíðar, vettvangsferðir, fótbolta, leiki/fjáls íþróttahöld. Kom fram að æskilegt væri að skipuleggja þríf betur á vorin, þar sem mjög misjafnt álag væri á deildum. Nauðsynlegt að skipuleggja sérstaklega þríf á sameiginlegri geymslu eins og leikfangageymslu.